

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Fræðslu- og frístundaþjónusta  
Þróunarfulltrúi grunnskóla

## MINNISBLAÐ

### Gjaldfrjáls skóli – ókeypis skólagögn

#### Til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Fræðsluráð óskaði eftir upplýsingar frá grunnskólunum um kaup á persónulegum námsgögnum og leiðir sem skólar nýta sér, ef einhverjar, til að draga úr kostnaði, auka endurnýtingu og mögulega samnýtingu námsgagna (t.d. milli skólaára). Tilefnið er, eins og flestir átta sig líklega á, opinber umræða um kostnað á persónulegum námsgögnum (ritföngum, stílabókum...) sem er þessa dagana. Málið var tekið formlega á dagskrá fyrir ári síðan í fræðsluráði og aftur núna en í millitíðinni var hugsað að átta sig betur á stöðu mála í Hafnarfirði og nú er komið að því. Skólastjórnendur voru beðnir um að svara þremur spurningum:

1. Fer skólinn sérstaka, ákveðna leið um kaup á persónulegum skólagögnum sem gildir fyrir alla nemendur skólans? (t.d. sameiginleg innkaup á vegum skóla).
2. Eru einhverjar sérstakar leiðir í skólanum nýttar til að auka nýtingu/notkun á námsgögnum nemenda, og þá hverjar? (t.d. nýta stílabækur og ritföng milli skólaára)
3. Önnur sjónarmið sem stjórnendur vilja koma á framfæri?

Svör skólanna eru eftirfarandi:

#### Áslandsskóli

1. Áslandsskóli sér um að selja námsmatsmöppu á kostnaðarverði. Þá selur skólinn blokkflautu til nemenda í 2. bekk á kostnaðarverði þeim til hægðarauka, því flautan fæst bara á einum stað í höfuðborginni. Annars sjá allir um að kaupa sitt sjálfir.
2. Innkaupalistar fara á heimasíðu skólans að vori. Það er gert til þess að fólk hafi frekara svigrúm um hvenær það kaupir skólavörurnar. Það eru tilmæli til allra nemenda og foreldra að nýta vel gögn síðan í fyrra, bæði skriffæri, liti og stílabækur áður en farið er að kaupa nýtt. Í einhverjum tilvikum geymir kennarinn þær bækur sem eru til notkunar að ári og sér að óþarfi er að kaupa nýja bók fyrir svipað efni, t.d. ritun.
3. Við hér í Áslandsskóla höfum prófað að kaupa öll námsgögn fyrir 1. bekk hér fyrir nokkrum árum og var það í samvinnu við foreldrafélagið. Okkur þótti það ekki vera góð leið því upplifun foreldra var sú að mikill peningur væri til útgjalda að hausti til að borga í skólann, þó svo að þau væru sjálf ekki að kaupa nein námsgögn en þetta var samt þeirra upplifun og því gerðum við þetta ekki að ári.

#### Hraunvallaskóli

1. Nei. Útbúum bara innkaupalista og svo ráða foreldrar hvar er keypt.
2. Foreldrar eru hvattir til að nýta allt sem hægt er milli ára.
3. Sama og í 2.

### Hvaleyrarskóli

1. Já, skólinn tók að sér að sjá um innkaup fyrir alla árganga og rukkar síðan efnisgjald. Almennt mjög góð viðbrögð og ánægja foreldra. Hef fengið tvær athugasemdir (frá foreldrum eldri nemenda) sem hafa viljað nýta eldri skólagögn.
2. Ég gegnum árin hafa foreldrar verið hvattir til að nýta þær stílabækur sem til hafa verið frá árinu á undan aftur. Með því að skólinn sjái um innkaup þá koma þær stílabækur, ritföng og fleira til með að fylgja hverjum árgangi áfram á næsta skólaár og áfram upp skólagönguna.
3. Skólastjóri hefur fengið eina athugasemd við þessa framkvæmd þar sem vitnað er í 31. gr. grunnskólalaga, sem lýtur að greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn, eða annað efni sem nemendum er gert skylt að not á námi. Annars hafa undirtektir einungis verið jákvæðar.

### Lækjarskóli

Ekki hafa borist svör frá Lækjarskóla.

### Setbergsskóli

Ekki hafa borist svör frá Setbergsskóla.

### Víðistaðaskóli

1. Við höfum undanfarin ár keypt sameiginlega inn fyrir 1. bekk og svo nýtist sumt líka áfram á næsta skólaár. Þetta er mun hagkvæmara fyrir foreldra.
2. Við tölum alltaf um við nemendur að nýta það sem er til á milli ára, geymum stundum skæri og bækur sem verða notaðar áfram. Möppur eru notaðar í mörg ár eins og þær endast o.fl. Við höfum líka verið að nýta talnagrindur í mörg ár. Sumir foreldrar hafa gefið skólanum grindurnar þegar nemendur hætta að nota þær.
3. Það mætti kannski athuga að bærin myndi semja um verð á ákv. Skólagögnum fyrir skólana. En ef skólarnir eiga að leggja fram öll námsgögn þá þarf að áætla fjármagn til þess.

### Öldutúnsskóli

1. Við ákváðum í haust að taka út dýra liti, möppur og fleira. Skólinn kaupir það.
2. Við hvetjum foreldra til að kanna með öll skólagögn og nota aftur það sem hægt er að nota. Þó búið sé að skrifa í stílabækur að hluta þá hvetjum við foreldra til að nýta þær áfram.
3. Það væri best ef skólinn hefði fjármagn til þess að eiga stílabækur, möppur og fleira þannig að börnin þyrftu ekki að kaupa það.

Hafnarfirði 24. ágúst 2016

  
Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla